



Reykjavík 10. apríl 2011

Skýrsla stjórnar AE starfsendurhæfingar fyrir árið 2010

Eigandi AE starfsendurhæfingar, sem rekur Hlutverkasetur og jafnframt hluthafi er, Elín Ebba Ásmundsdóttir, kt. 111255-4239. Félagið AE starfsendurhæfing var stofnað í maí 2005. Tilgangur félagsins er rekstur starfsendurhæfingar og að efla virkni fólks, sem misst hefur hlutverk í lífinu m.a. vegna andlegra áfalla.

Stjórn félagsins var óbreytt á árinu. Sæunn Stefánsdóttir var stjórnarformaður og Þórólfur Árnason varaformaður. Aðrir í stjórn voru Andri Árnason, Árni Gunnarsson og Jóhanna E. Vilhelmsdóttir. Varamaður í stjórn var Elín Ebba Ásmundsdóttir.

Samningar voru gerðir á árinu við félags- og tryggingamálaráðuneytið (nú velferðarráðuneytið), Reykjavíkurborg og VR. Treglega gekk að ganga frá samningum við ráðuneytið og Reykjavíkurborg þrátt fyrir reglulega fundi og vilja til endurnýjunar á samningunum. Samningar voru ekki höfn fyrr en í lok ársins 2010. Samningur við félags- og tryggingamálaráðuneytið felur í sér greiðslur vegna 26 einstaklinga í starfsendurhæfingu og 13 í eftirfylgd ásamt verkefninu “*Valdefling í verki*” sem nú er hluti af heildarsamningnum og jafnframt sérgreiðslum til Elínar Ebbu til að efla notendaáhrif úti á landi. Samningur við Reykjavíkurborg var laus í mars 2010 en hann var ekki endurnýjaður fyrr en í lok desember og þá með töluverðum breytingum. Samið var um virkni og starfsendurhæfingu, einnig úttektir á íbúðakjörnum fyrir fólk með geðfatlanir, fræðslu til starfsfólks og íbúa og stuðning við íbúa til að auka samfélagsþátttöku þeirra. Heildarfjárhæðin er 30% lægri fyrir 2010 og 2011, en gert var ráð fyrir árin 2007 - 2010. Reynt var að ná samningum við Vinnumálastofnun en það tókst ekki.

Sótt var um ýmsa styrki á árinu og fengust styrkir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Nordplus, Móttvægissjóði Velferðarvaktarinnar og vegna verkefnisins “*Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun 2010*” sem félags- og tryggingamálaráðuneytið sá um. Styrkur frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu var veittur til íslenskukennslu fyrir einstaklinga af erlendu bergi brotna. Um 50 einstaklingar sóttu tvö námskeið og tókst vel.

Nordplus veitti styrk til gagnkvæmra heimsókna á milli NsN hópsins í Noregi og NsN hópsins á Íslandi. Norðmenn heimsóttu Ísland í nóvember og af því tilefni var haldið málþing um málefni notenda og var það vel sótt. Þá voru einnig haldnir fundir með notendahreyfingum, fulltrúum stærstu sveitarfélaganna í ráðuneytinu ásamt báðum NsN hópunum. Móttvægissjóður velferðarvaktarinnar veitti styrk til að halda vinnusmiðjur, sem byggja á ákveðnum leiklistaraðferðum (psykodrama). Námskeiðin eru sérstaklega ætluð atvinnulausu fólki og fagfólki sem er undir miklu álagi vegna efnahagshrunsins. Búið er að halda tvær vinnusmiðjur af fimm. Styrkur vegna verkefnisins “*Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun 2010*” var notað til að auka fjölbreytni í námskeiðahaldi og var ráðinn einstaklingur í hlutastarf til að halda utan um verkefnið.

Jafnréttisskólinn á vegum Háskóla Íslands í samstarfi við utanríkisráðuneytið og Öndvegissetrið EDDA sendi fimm einstaklinga sem öll voru með heilbrigðisbakgrunn í kynningu í Hlutverkasetur. Markmið skólans er að þjálfa fólk til jafnréttisstarfa í þróunarlöndum og samfélögum sem verið er að byggja upp eftir átök. Fyrstu nemarnir sem

komu á vegum skólans 2009 töldu að Hlutverkasetur væri eitt af þeim úrræðum, sem þau kynntust á Íslandi, sem hefði hvað mest yfirfærslugildi í þeirra eigin heimalandi. Nemarnir komu frá Afganistan, Palestínu, Íran og Líbanon.

Fólk sem sækir Hlutverkasetur kom fram á morgunverðafundi, á ráðstefnu, í ljósvakamiðlum, tók þátt í uppákomum og myndasýningu vegna átaks EU. Einnig átti það samstarf við Listaháskóla Íslands í tengslum við Evrópuárið þar sem nemar og ungir notendur tóku myndir sem tengdust félagslegri einangrun og fátækt. Kynningarmyndband um starfsemi Hlutverkaseturs var framlag Íslands sem ásamt 29 öðrum þjóðum tóku þátt í „Evrópuárinu gegn fátækt og félagslegri einangrun“. Árið endaði með ferð til Brussels í boði Evrópusambandsins, þar sem Elín Ebba Ásmundsdóttir og Ágústa Ísleifsdóttir, andlit Íslands í Evrópu, sátu lokarárðstefnuna, kynntu nokkur af þeim íslensku verkefnum, sem höfðu verið unnin, og sáu um kynningabás Íslands.

Samstarf við geðsvið/iðjuþjálfun Landspítala Háskólasjúkrahús komst á árinu. Um er að ræða tvö verkefni, annars vegar útgáfu á fréttablaðinu “Föenix” sem unnið er af skjólstæðingum iðjuþjálfunar á Kleppi og skjólstæðingum Hlutverkaseturs, og hins vegar vinnu markaðsverkefni, þar sem LSH leggur til reyndan starfsmann, Sylviane Pétursson, iðjuþjálfara. Verkefnið hefur það að markmiði að finna leiðir út á vinnu markaðinn í samvinnu við notendur.

Um 360 einstaklingar sóttu námskeið á vegum Hlutverkaseturs 2010, þar af voru 99 einstaklingar skráðir hjá Sjúkrahjóði Íslands og 54 einstaklingar komu frá VR. Rúmlega 600 gestir komu og kynntu sér starfsseminu á árinu. Yfir 30 námskeið/fyrirlestrar voru í boði, sem starfsfólk Hlutverkaseturs, verktakar eða sjálfboðaliðar sáu um. Sjálfboðaliðar voru 16 talsins. Eftirfarandi námskeið voru í boði: leiklist til sjálfsræktar, ljósmyndun, olíumálun, fimó leir, photoshop 1 og 2, málað á keramik, samræður á ensku, kundalini jóga, að hlusta á líkamann, sjálfsstyrking, töskusaumur, magadans, slökun, öndunarjóga, tölvan mín, trommuhringur, rússneska, facebook, myndlist, ættfræði, akrýlmálun, leirlist, íslenskuæfingar fyrir útlendinga, söngur, klippimyndir, kór, leikur að tölum, umræðuhópur, karlar, teikning 1 og 2, jólaskreytingar 1 og 2, haustkransagerð og heimspeki. Auk þess var hómópati með mánaðarlega fræðslufundi, snyrtifræðingur leiðbeindi og gestir komu og lásu úr verkum sínum. Gönguferðir voru farnir bæði daglega og lengri ferðir í nágrenni Reykjavíkur.

Védís Drafnardóttir gerði þátttökuathugun 2010 varðandi árangur af starfseminni 2009 og kom eftirfarandi fram: Þeir sem stunda Hlutverkasetur sögðu að vináttutengsl og samkennd, sem mynduðust á staðnum, væri mikilvægasti þátturinn í að auka lífsgæði þeirra. Aðrir mikilvægir þættir sem þeir töldu að sköpuðust með þátttöku í starfinu voru m.a.: að eiga val, tilheyra hópi, brjótast út úr einangrun, búa til ramma í kringum tilveruna, fá hlutverk og síðast en ekki síst að geta séð fyrir sér bjartari framtíð.

Mannabreytingar á árinu voru þær, að Jósep Gíslason hætti störfum hjá Hlutverkasetri, en hann hafði séð um Kaffihúsaverkefnið. Hann fékk vinnu sem kerfisstjóri í Landsbankanum. Jósep er enn í tengslum við Hlutverkasetur, og hefur m.a. tekið þátt í uppákomum á vegum þess. Kaffihúsaverkefnið, sem var tilraunaverkefni, sem Jósep sá um, tókst vel og skýrsla var send til félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Verkefnið verður nú hluti af þeim úrræðum sem Hlutverkasetur mun nýta sér í tengslum við eftirfylgd á vinnustað. Kolbrún Hjálmtýsdóttir hætti í ágúst vegna anna í framhaldsnámi við HÍ. Hún hélt einnig tryggð við staðinn og aðstoðaði nokkra einstaklinga í sérverkefnum tengdum Evrópuárinu. Hallgrímur Björgvinsson, starfsmaður NsN féll sviplega frá í ágústmánuði, og er hans sárt saknað.

Á árinu bættust eftirfarandi í starfshópin: Jens Jensson, sem vinnur m.a. sem stuðningsfulltrúi og sér um kynningar, Anna Henriksdóttir var ráðin í apríl til að sjá m.a. um listanámskeiðin, gönguhóp og íslenskunámskeið. Jón Ari Arason, Auðna Ýr Oddsdóttir og Bergþór Grétar Böðvarsson voru ráðin í NsN verkefnið í september.

Skýrsla NsN hópsins, “*Samfélagsþegn eða aumingi*”, var kynnt á málþingi á Akureyri, málþingi sem haldið var í nóvember í tengslum við heimsókn Norðmannanna, var fyrir starfsmenn Rauða kross Íslands og tengili í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Málþingin “*Byggjum betra samfélag - valdefling í verki*” í samvinnu við Rauða kross Íslands, Háskólans á Akureyri og félags- og tryggingamálaráðuneytisins, voru haldin á þremur stöðum þetta árið, í Grundarfirði, á Akureyri og á Húsavík. Valdefling í verki var haldið á Akranesi í samvinnu við Hver, sem er starfsendurhæfingarúrræði. Héðinn Unnsteinsson sérfræðingur hjá forsætisráðuneytinu lagði jafnframt tveimur málþingunum lið með fyrirlestrum.

Elín Ebba Ásmundsdóttir, tók þátt í verkefni sem nefndist “*Til fyrirmyndar*” sem einn af kynningarfulltrúum í tilefni 30 ára kosningarafmælis Vigdísar Finnbogadóttir. Öll heimili landsins fengu send bréf með yfirskriftinni „*Takk fyrir að vera til fyrirmyndar*“. Hún tók þátt í fyrirlestrarröð á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins vegna yfirfærslu málaflokks fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, og voru þeir haldnir á Selfossi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum og í Hafnarfirði. Elín Ebba var einnig með námskeið í íbúðakjörnum á vegum Reykjavíkurborgar og hópeflisnámskeið fyrir forstöðumenn íbúðakjarna í tengslum við yfirfærslu málaflokksins frá svæðisskrifstofu yfir til Reykjavíkurborgar. Elín Ebba var einnig fengin til að halda erindi á aðalfundi Starfsendurhæfingar á Ísafirði og hélt einnig erindi fyrir notendur starfsendurhæfingar á staðnum. Hún fór á ráðstefnu í Þrándheimi í Noregi í september þar sem notendasýn og áherslur voru í forgrunni og nýtti tímann í leiðinni til að undirbúa komu NsN hópsins til Íslands í nóvember. Elín Ebba var einnig beðin um að halda erindi um Hlutverkasetur, fyrir Rotary félagi í Reykjavík, á Hótel Borg í lok árs. Starfsdagur var haldin í september í Hlutverkasetri. Það var vel mætt og margar góðar tillögur komu fram og er samantekt frá starfsdeginum birt á heimasíðunni.

Leiklistargjörningur á vegum Hlutverkaseturs var í miðbæ Reykjavíkur í lok maí og var fjallað um gjörninginn tvisvar sinnum í Morgunblaðinu. Myndbrot frá gjörningnum er á heimasíðu Hlutverkaseturs. Hlutverkasetur tók einnig þátt í gjörningum með öðrum í tengslum við alþjóðadag “*Fair trade*” og hverfishátíðá vegum Reykjavíkurborgar, með því að slá upp trommuhring. Hlutverkasetur tók þátt í Menningarnótt eins og síðustu tvö ár og bauð Reykvíkingum upp á ókeypis faðmlög, sló upp trommuhring á Laugarveginum og kynnti Evrópuárið. Hlutverkasetur var einnig með sölubás og kynningu á Evrópuárinu í Mjóddinni, á Alþjóðaheilbrigðisdeginum 10. okt. Starfsemi Hlutverkaseturs á árinu 2010 óx og Hlutverkasetur er að festa sig í sessi. Umfjöllun fjölmiðla um Hlutverkasetur var á Rás 2, í Morgunblaðinu og í Fréttablaðinu. Starfsmönnum fjölgaði sömuleiðis. Stjórnin tók virkan þátt í starfinu og fundaði reglulega. Stjórnin vill þakka starfsfólki Hlutverkaseturs, sjálfboðaliðum og öllum þátttakaendur fyrir hve starfsemin hefur tekist vel á árinu.

Fyrir hönd stjórnar Hlutverkaseturs,
Sæunn Stefánsdóttir, stjórnarformaður